



## Gorbatsjov og öreigabyltingin

*Skýr umbótavilji, en hversu langt fær hann að ganga?*

**Í ÁR ER RÚSSNESKA** byltingin 70 ára og er rétt að skoða þær umbætur í Sovétríkjunum sem kenndar eru við Gorbatsjov í ljósi hennar og markmiða félagshyggjunnar. Fyrst ber þó að gera grein fyrir megindráttum þessara umbóta, aðdraganda þeirra og áhrifum.

Auk umbóta Gorbatsjovs í afvopnarmálum, gætir stefnubreytinga einkum á þremur sviðum, þ.e. í opinskárrí umræðu og auknu skoðanafrelsi, *glasnost*, tilraunum til aukins lýðræðis, *demokratizatsiya*, og viðleitni til endurskipulagningar efnahagslífsins, *perestroika*.

Aukið skoðanafrelsi er einn af hornsteinum umbótanna í Sovétríkjunum nú. Það var táknað aðgerð og vakti mikla athygli þegar andófsmaðurinn Andrei Sakharaov var leystur úr útleið og síðan hefur fjöldi póli-

tískra fanga verið leystur úr haldi. Þessar aðgerðir eru í raun aðeins hluti viðleitninnar til að endurskilgreina hvar mörk leyfilegrar gagnrýni á yfirvöld og samfélag liggja. Hversu langt verður gengið í frelsisátt er hins vegar engan veginn fyrir séð. Umræður um félagsleg vandamál og rannsóknir félagsfræðinga eru nú mun opinskárrí en áður og Gorbatsjov hefur sjálfur tekið virkan þátt í baráttunni gegn gifurlegum alkóhólisma í „verkalýðsríkinu“ og spillingu embættismanna. Umræða hagfræðinga um vandamál efnahagslífsins eru einnig opinskárrí, en fagleg, hagfræðileg umræða í Sovétríkjunum hefur raunar á síðari árum verið mun opinskárrí en vestrænir fjölmiðlar hafa viljað viðurkenna. Nú er svo komið að fréttir af umfjöllun sovéska fjölmiðla um spillingu embættismanna og félagsleg og efnahagsleg

vandamál í Ráðstjórnarríkjunum berast nær daglega inn á öll íslensk heimili á síðum Morgunblaðsins (og færi vel á því að það blað tæki sovéska fjölmiðla sér til fyrirmyndar hvað varðar umfjöllun um slík mál á Íslandi). Opinberir fjölmiðlar eru jafnvel farnir að birta skilvisar fréttir af mótmælaaðgerðum borgaranna, eins og t.d. mótmælum þjóðernisminnihluta í Kazakhastan í desember s.l.

Umburðarlyndi hefur aukist á menningarsviðinu. *Jarðýturnar*, hinir hvítleiðu gestir framsækinna myndlistarsýninga, eru horfnar. Ákveðið hefur verið að gefa *Doktor Zhivago* út á næsta ári, en það verk hefur aldrei verið gefið út í Sovétríkjunum. Hafnar eru sýningar á verkum eins og *Harðstjón samviskunnar* eftir Mikhail Shatrov og stjórnvöld hafa látið óáreiða útgáfu tímarits fyrirverandi pólitískra fanga, *Glasnost*.

**TILRAUNIR TIL AUKINS** lýðræðis í stjórnkerfinu og atvinnulífinu eru enn sem komið er varfærnar. En skýr umbótavilji virðist fyrir hendi af hálfu Gorbatsjovs og samherja hans. Þetta kom skýrt fram í hinni mikilvægu ræðu hans á aðalfundi miðnefndar KS í janúar s.l. Þar boðaði hann m.a. nauðsyn þess að ávallt yrðu fleiri en einn frambjóðandi framvegis í frambóði í ritaraköningum flokksdeilda, hvort sem um er að ræða deildir heima í héraði eða á landsvísi, og að þessar kosningar skyldu vera leynilegar en ekki með handauppréttingum eins og tíðkast hefur fram til þessa. Hann bætti jafnframt við að frekari lýðræðisþróun ætti einnig að eiga sér stað í höfuðstofnunum og nefndum flokksins.

Síðla í júní s.l. fengu kjósendur í 5% af um 52 þúsund kjördæmum í sveitarstjórnarköningum að velja milli fleiri frambjóðenda en fjölda þeirra staða sem kosið var um. Æðstaráð Sovétríkjanna hefur samþykkt að leyfa almennar kosningar á héraðsgrundvelli um staðbundin stjórnmála- og félagsleg mál efni. Þá hefur réttur almennings til að kærta ákvarðanir embættismanna verið aukinn. Samkvæmt frumvarpi um umbætur í efnahagsmálum, sem birt var í febrúar og taka á gildi í byrjun næsta árs, er nú stefnt að „sósíalískri sjálfstjórn“ í sovéskaum fyrirtækjum og samsteypum (áður hefur hún verið talin jógóslavnesk endurskoðunarstefna og af hinu vonda). Hún felur í sér að stjórnendur fyrirtækjanna verða framvegis kosnir á almennum starfsmannafundum og er starfsmönnum í sjálfsvald sett hvort þær verða leynilegar.

**ENDURSKIPULAGNING** efnahagslífsins víðari skilningi er þó vafalaust erfiðasta viðfangsefni umbótastefnu Gorbatsjovs og samherja hans. Í grófum dráttum má segja að umbótastefnan á þessu sviði snúist annars vegar um endurskilgreiningu á hlutverki

## Lýðræðið á la Sovét

### Tilraunir með fjölframbjóðendum

**NÝRRÆÐIÐ** Í undirfyrirsögninni kemur þeim ekki á óvart sem fylgjast með stjórnmálum í Sovétríkjunum og þróun mála þar, en fyrir hina skal útskýrt að orðið fjölframbjóðendum visar til þess kerfis er fleiri en einn frambjóðandi er um þá stöðu sem kjósa skal til. Þannig gæti hið íslenska stjórnmálakerfi sem best einkennst með þessu heiti, svo og önnur vestræn stjórnmálakerfi. Austantjalds hefur hins vegar gilt sú regla, að einn frambjóðandi skal um hverja stöðu. Slíkt kerfi mætti kalla einsframbjóðendakerfi.

Þeir sem nú ráða ferðinni í Kreml hafa boðað, að fjölframbjóðendakerfi sé það sem koma skal í Sovétríkjunum (því skyldi ekki ruglað saman við fjölkakkerfi, sbr. ofangreint). En ráðamenn fóru afar varlega í sakirnar í kosningunum í vor: kjósendur fengu að velja milli frambjóðenda í aðeins fimm prósentu kjördæma (sjá grein).

Í ræðu er Gorbatsjof hélt í janúar sl. þar sem hann boðaði að kosningar yrðu með lýðræðislegri hætti í framtíðinni.

sagði hann að þetta væri m.a. leið til þess að færa vald í hendur verkafólks. Skömmu síðar voru gerðar tilraunir í nokkrum lykilatvinnugreinum í Sovétríkjunum og hvöttu stjórnvöld fólk óspart til að notfæra sér rétt sinn til þess að velja yfirmenn á vinnustöðum.

Frá sjónarhóli Vesturlandabúa ganga þessar breytingar afar skammt, en ljóst er að þær mæta afar harðri andstöðu af hálfu margra ráðamanna innan Kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Heyrst hafa gagnrýnisráðir í sovéskum blöðum í þá veru að sums staðar hafi „flokksspírur“ ekki ætlað að setta sig við hið nýja fyrirkomulag og hafi reynt að hindra framgang lýðræðisins í formi kosninga um frambjóðendum. Nýverið spurði einn áhorfenda að þættinum „Endurvarp“ í sovéska sjónvarpinu fulltrúa áróðursmála-deildar miðnefndarinnar að því, hvers vegna Sovétmönnum gafist ekki kostur á því að kjósa um aðalritarann. Þessi frjálslýndu viðhorf hefði engum manni dottið í hug að bera á borð opinberlega fyrir nokkrum mánuðum - en nú hefur staða mála breyst þannig að mótherjar Gorbatsjofs væru allt eins líklegir til að styðja þau af heilum hug!


● Newsweek o.fl.

markaðarins í efnahagslífinu og hins vegar um aðgerðir til að auka framleiðni og hraða tæknipróun.

Enn sem komið er hefur skammt verið gengið til móts við hina róttækari umbótamenn, sem vilja á skýran hátt vidurkenna hlutverk markaðarins við hlið miðstýrðrar áætlanagerðar. Fram til þessa hefur einkarekstur aðeins verið leyfður smáum fjölskyldufyrirtækjum og tryggt að arðrán á launþegum eigi sér ekki stað.

Stefnubreytingin hefur birst í grósku í rekstri veitingastaða í einkaeign. Öllu mikilvægari fyrir hagkerfið í heild er auðvitað aukinn markaðsbúskapur ríkisfyrirtækjanna. Gorbatsjof hefur vidurkennt að sú stefna að embættismenn ákveði allt verðlag er gjaldþrota. En hann hefur ekki tekið skýra afstöðu til hlutverks markaðarins í verðmyndun, heldur aðeins beitt fyrir sig tungutaki véfréttarinnar og boðað aukið hlutverk „vöruþeninga afstæðna“ í hagkerfinu, sem skilja má sem svo, að verð vara fylgi peningagildi þeirra samkvæmt framboði og eftirspurn.

Óljóst orðalag aðalritarans endurspeglar vafalítið andstöðu sem hann mætir meðal embættismanna ráðuneyta og innan flokks. En nú þegar hafa nokkur hundruð af hinum 48 þúsund fyrirtækjum sem eru í ríkiseign verið gerð fjárhagslega ábyrg gagnvart eigin rekstri og verða gjaldþrota ef illa gengur. Um 20 ráðuneyti og meira en 70 stórfyrirtæki hafa fengið leyfi til að selja vörur erlendis án þess að þurfa að fara í gegnum skrifræðisbákn Utanríkisviðskiptaráðuneytisins. Hluta af gjaldyrirtækjunum er fyrirtækjunum heimilt að nota til kaupa á erlendum framleiðslutækjum og tækni, sem mikil þörf er fyrir. Sama hugsun virðist liggja að baki nýjum lögum sem heimila sovéskum fyrirtækjum þátttöku í framleiðslu og verkefnum með erlendum fyrirtækjum. Samkvæmt lögum



● Þannig sér teiknari breska tímaritsins The Economist Glasnost Gorbatsjofs fyrir sér, hann er aðeins í öðrum gir.

sem sett voru í janúar s.l. er erlendum fyrirtækjum heimilt að eiga allt að 49% í sameiginlegum fyrirtækjum sovéskra og erlendra aðila. Loks má nefna að samyrkjubúum er nú heimilt að selja landbúnaðarafurðir á eigin vegum eða gegnum ríkisverslanir á markaðsverði.

Meginmarkmið umbótastefnunnar er að auka framleiðni og hefur Gorbatsjof heitið því að tvöfalda þjóðarframleiðsluna fyrir næstu aldamót. Í framhaldi af þeim heitum hefur hann krafist aukins aga af verkafólki, meiri afkasta og bættra gæða afurðanna. Hann hefur sagt það „sérstaklega mikilvægt

að laun verkafólks verði bundin náði við framlag einstaklinganna og að engin takmörkun verði sett á þau laun.“ Að svo miklu leyti sem fyrirtæki munu skila hagnaði í framtíðinni, samfara aukinni fjárhagslegri sjálfsábyrgð, þýðir þetta auðvitað beinni hlutdeild launa í gróða og/eða tapi fyrirtækja.

Rannsókn- og þróunarhvetjandi launastefna er í samræmi við þá miklu áherslu sem lögð er á tæknipróun. Komið hefur verið upp kerfi eftirlitsmanna sem hafnað geta framleiðslu sem ekki uppfyllir tiltekna lágmarksgæðastaðla. Stofnaðar hafa verið samsteyp-

ur, eins konar tæknigarðar, sem tengja náð saman rannsóknir og framleiðslu. Stofnun þessara samsteypa leiðir til þess að atvinnulífið er sjálfstæðara í þróunarstarfsemi og verður ekki háð íhaldsemi embættismanna. Hátæknifyrirtækin munu hafa leyfi til að ráðstafa að eigin vild hluta hagnaðar þeirra. Flest þessara hátæknifyrirtækja eru rekin af Vísindaakademiunni en ekki viðkomandi ráðuneytum. Í ofanálág virkar Þjóðhagfræðiakademían nú sem stjórnunarháskóli líkt og virtustu viðskiptaháskólar Bandaríkjanna.

**MIKID AF PEIM** umbótum sem nefndar hafa verið hér eru enn aðeins til í frumvarpsformi um efnahagsumbætur sem gert er ráð fyrir að taka muni gildi í byrjun næsta árs. Peim á eftir að hrinda í framkvæmd og hvernig til tekst með það er háð valdastöðu umbótasinna.

Endurnýjun í höfuðvaldastofnunum KS hefur verið mjög mikil á síðari árum, ef miðað er við sovéskra venjur. Þannig varð mesta endurnýjun í miðnefnd flokksins á 27. þingi flokksins í fyrra síðan á síðasta þingi

Krúsjoffs, 1961. Á 26. þingi KS 1981 voru 87% fullra meðlima miðnefndar flokksins endurkjörin, en í fyrra voru aðeins 59% endurkjörin. Endurnýjunin er þó mest og styrkur umbótasinna stærstur í helstu valdastofnunum innan miðnefndarinnar, þ.e. framkvæmdanefndinni og pólitísku nefndinni. Í framkvæmdanefndinni, sem nokkurn veginn er jafn valdamikil og sjálf pólitísku nefndin, hafa níu af tólf meðlimum verið skipaðir eftir valdatöku Gorbatsjofs. Af ellefu fullgildum meðlimum pólitísku nefndarinnar hafa fimm verið skipaðir á valdatíma Gorbatsjofs. Auk þessara ellefu sitja átta tilnefndir fulltrúar í pólitísku nefndinni. Aðeins tveir af þessum átta sátu í nefndinni fyrir valdatöku Gorbatsjofs.

Aðeins ein kona á sæti í miðnefnd KS, Aleksandra Biryukova, einn ritari miðnefndarinnar, en það er einni fleiri en á valdatíma Bresnjevs, Andropovs og Sjerenkos.

Það er enn óljóst hver andstaða embættismanna verður gegn umbótastefnunni og það sama gildir raunar einnig um andstöðu verkafólks. Veikleiki umbótastefunnar er

að hún kemur að ofan. Að því leyti er hún lík umbótatímabilinu í Tékkóslóvakíu á sjöunda áratugnum þar sem drifkrafturinn og upptökin voru innan Kommúnistaflokksins. Í Póllandi 1980-81 var drifkrafturinn sjálfsprottnar aðgerðir fjöldahreyfingar verkafólks og félagslegur anarkismi menntamanna (KOR-hreyfingin).

Flestir fréttaskýrendur eru sammála um andstöðu millilaganna, þ.e. embættismanna, enda beinist stefnan gegn íhaldsemi og spillingu þeirra. En andstaðan er einnig ofar í valdapyramídanum, því eins og Gorbatsjov skýrði frá á þingi sovéskra verkafólksfélaga í febrúar s.l., var aðalfundi miðnefndar KS frestað í þriggja þar til hann var loks haldin í janúar - að því er virðist vegna ósamkomulags um útfærslu umbótastefunnar. Ágreiningur virðist því vera nokkur innan sjálfra stjórnálfnefndar KS. Baráttan um umbótastefnuna er á öllum stigum stjórnálfkerfisins. Hinir íhaldsömu fylgismenn Bresnjevs hreidruðu um sig í embættiskerfinu á löngum valdatíma hans og urðu ríkjandi all í flokknum. Andspenningur þeim stóð umbótasinnar og ný-stalínistar sem báðu

## GLEYMDU MÉR EKKI

FÁÐU ÞÉR JEE JEE OG SJÖMANS




RETTIG 

**PYRAMID**

Heildsölubirgðir  
Skólavörðustíg 12  
☎ 623333

## NÝTT LÍF

MEÐ LENGRA OG STERKARA BRAGÐI



RETTIG 

**PYRAMID**

Heildsölubirgðir  
Skólavörðustíg 12  
☎ 623333

öru í minnihluta. Í raun hefur umbótastefni aðeins náð að festa rætur á toppi píramidans.

Ýmislegt bendir til að óánægja verkafólks muni magnast innan tíðar og það gæti veikt valdastöðu umbótasinnna. Ástæðan er sú að kaupmáttur launa kann að minnka þrátt fyrir aukna framleiðni og aukinn vinnuága, ef verðlag verður gefið frjáltsara og verðbólga magnast af þeim sökum. Tæknipróunin skilar sér að öllu jöfnu ekki í framleiðniaukningu fyrr en að nokkrum árum liðnum og því gætu auknið vinnuálag og atvinnuleysi, ef fyrirtæki verða gjaldþrota í markaðssamkeppninni, enn auknið andstöðu verkafólks.

Aukið atvinnuleysi og aukinn launamunur milli hópa innan fyrirtækja og á milli þeirra eykur stéttamuninn í sovésku samfélagi og þar við bætist að ójöfn þróun sem fylgir markaðsbúskapnum mun auka muninn á milli landsvæða og þar gæti hlaupið fleisti í þúdurturnu, því í Sovétríkjunum búa fyrir 100 mismunandi þjóðernisminnihlutar sem nú þegar búa við æði misjöfn kjör. Loks má nefna að andstæða embættismanna kann að veikja stöðu þeirra fyrirtækja sem framleiða fyrir opinn markað, því hráefni og aðdrættir til þeirra eru í fyrstu a.m.k. á hendi skrifræðisins.

**GJALDPROT** sovéska skrifræðisins. Að baki stefnubreytingunni í Ráðstjórnarríkjunum nú liggur djúptæk kreppa áætlanaþúskapar. Kreppa sem rekja má til hins steinrunna, leníníska einflokkskerfis, íhaldsemi stofnana og síðast en ekki síst hernaðarmáskínunnar.

Áætlað hefur verið að Sovétmenn verji um 14% ríkisútgjalda til hernaðarmáskínunnar. Færa má rök fyrir því að mikil hernaðarútgjöld hafi neikvæð áhrif á hagkerfið, enda eru mikil útgjöld Bandaríkjamanna til sinnar hernaðarmáskínunnar talin meginorsök þess að Bandaríkin hafa á síðari árum dregist afturí fremstu auðvaldsríkjum hvað framleiðniaukningu varðar. Sérfræðingar austan hafs og vestan hafa flestir horfið frá þeirri skoðun að rannsóknir og þróunarstarfsemi á hernaðarsviðinu muni skila sér í nægjanlega ríku mæli í framleiðniaukningu í iðnaðinum (sbr. spin-off kenninguna). R. Rothwell hjá Rannsóknarstofnun í vísinda- og tæknistefnu (SPRU) í Sussex hefur t.a.m. nýlega sýnt fram á hverfandi „spin-off áhrif“ stjórnustriðsáætlunar Reagans Bandaríkjaforseta. Kverkatast vígbúnaðarkapphaupsins á hagkerfinu lýsir sér í langtíma hningun hagvaxtar í Sovétríkjunum frá sjötta áratugnum og fram á þennan áratug (iðnaðarframleiðslan jókst t.d. um 7.1% að meðaltali 1966-70 en aðeins 3.1% 1981-85. (Sjá J.K. Pedersen: *USSR midt í et sporskifte*). Langvarandi kreppa í landbúnaðinum hefur einnig dregið úr langtíma hagvexti.

Þrátt fyrir að 70 ár séu nú liðin frá sovésku byltingunni hefur KS með áætlanaþúskap

**● Heimspressan fylgist náið með; dæmi frá bandarísku og spænsku tímariti.**

sínum enn ekki tekist að skapa hærri lífsstandard í Ráðstjórnarríkjunum en í fremstu auðvaldsríkjum. Í dag standa Sovétmenn frammi fyrir þeirri staðreynd að tæknibyltingin, sem nú er í fæðingu á Vesturlöndum, mun breikka þetta bil enn meira um leið og tæknibilið eykst. Slík þróun myndi auka spennu á alþjóðavettvangi í framtíðinni.

Markmið Sovétmanna með því að opna hagkerfið fyrir erlendu fjármagni er vafalaust að auka innstreymi vestrænnar háteknar. Svo virðist sem sú stefna muni skila litlum árangri, því bæði er andstæða Bandaríkjamanna innan NATO mikil og fjárfestingastefna vestræna auðhringa hefur á síðustu árum breyst þannig að þeir fjárfesta í auknum mæli á eða nálægt markaði, þ.e. fjárfestingar í þriðja heiminum hafa minnkað og fjárfest er í æ ríkara mæli á ríku mörkuðum Vesturlanda þar sem hin nýja tækni nýtur sín vel. Tryggt er að eftirspurn á mörkuðunum er svarað mun fyrr en áður með þessum hætti.

Stjórnerfið sem byggir á hinu leníníska einflokkskerfi hefur reynt ófært um að bregðast við vandanum. Þess vegna hafa umbótasinnar reynt að sniðganga stjórnerfið og lagt mikla áherslu á auknið lýðræði. En spyrja má hversu langt verður gengið í lýðræðisátt og hvernig beri að meta þróunina út frá sjónarhóli félagshyggjunnar sem bolsévikkar kenna sig júi við?

**RÚSSNESKA BYLTINGIN.** Það hefur reynt ógerlegt að framkvæma draumsýn bolsévikka um að miðstýra hagkerfinu í jafnmiklum smáatriðum og þeir vildu. Jafn-

vel einflokkskerfið ræður ekki við verkefnið; vandamálið er að upplýsingar eru of ófullkomnar og ónógar til að samræmi náist milli aðfanga og afurða í hagkerfinu í heild.

Ákvarðanirnar sem kerfið þarf að taka, ef koma á á slíku samræmi, eru óendanlega margar. Umfang vandamálsins sést best á því, eins og Alec Nove greinir frá í *The Economics of Feasible Socialism*, að í dag eru framleiddar í Sovétríkjunum um 12 milljónir aðgreinanlegra afurða og þó er vöruúrval mun minna en í neysluæðinu á Vesturlöndum. Íðnfyrirtækin eru nálægt 50 þúsund og þar að auki eru þúsundir samsetningafyrirtækja, flutningafyrirtækja, landbúnaðarfyrirtækja og heild- og smásölufyrirtækja, sem taka þarf tillit til í áætlanagerðinni.

Margir munu e.t.v. fullrða að áætlanagerð af þessari stærðargráðu eigi nú bjartari framtíð fyrir sér en nokkru sinni áður vegna hinnar nýju upplýsingatækni, en þá verða menn að hafa í huga að tæknibyltingin er enn rétt á byrjunarstigunum.

Lausn umbótasinnna nú, að auka sjálfræði fyrirtækja og lýðræði innan þeirra, er vissulega framför, en hún stendur langt að baki þeirri anarkísku, sjálfsprottnu skipulagningu sem verkafólk kom á í sjálfri öreigabyltingunni 1917 og bolsévikkar drápu niður í blóði. Eins og Daniel Guérin greinir frá í *L'anarchisme*, þurftu leiðtogar byltingarinnar ekki að finna neitt upp sjálfir; verkafólkið lagði sjálft undir sig verksmiðjurnar og það var verkafólkið sem kom verkalyðsráðunum á.

Eftir að bolsévikkar höfðu bannað alla aðra flokka, ýmist vegna meintrar ósósíalískrar hugmyndafræði eða landráða í stríðskommúnísmannum, deytt verkalyðsráðin og tekið fyrirtækin úr höndum verkafólksins voru allar forsendur sósíalísku lýðræðis horfnar. Í þessu ljósi má skoða lýðræðisumbætur umbótasinnanna í Sovétríkjunum í dag. Umbæturnar beinast ekki að afnámi einflokkskerfisins og að því að fleiri flokkar sem kenna sig við félagshyggju verði leyfðir - þær beinast aðeins að meira umburðarlyndi fyrir fleiri röddum innan flokksins. Þessi þróun gæti gengið lengst innan ramma einflokkskerfisins í þá átt að sjálfstæðir hópar innan KS verði leyfðir, eða svo tungutak lenínista sé notað, að stalínískur skilningur á „lýðræðislegu miðstjórnarvaldi“ víki fyrir trotskýskum. Þetta eru stutt skref í átt til lýðræðislegs stjórnmálakerfis.

Sovétmenn eiga enn langt í land að tryggja meginmarkmið félagshyggjunnar sem þeir kenna þó kerfi sitt við, þ.e. að skapa raunverulegt lýðræði sem skapar almenningu möguleika á virkri þátttöku í ákvarðanatöku samfélagsins og efnalega jöfnuð til að hámarka og jafna möguleika einstaklinganna til lífshamingju.

● Ivar Jónsson